



Leiðbeiningar um kjörseðil og atkvæðagreiðslu í verkefninu Okkar Kópavogur

A. Bæjarhluti og tungumál

Þegar kjósandi hefur farið inn á vefsíðu kosninganna birtist honum forsíða með korti af Kópavogi þar sem hvor bæjarhluti er merktur sérstaklega. Efri byggðum tilheyra Vatnsendi og Fífuhvammur (Lindir og Salir). Neðri byggðum tilheyra Kársnes, Digranes og Smárinn. Þar velur kjósandi í hvaða bæjarhluta hann vill kjósa með því að smella á viðeigandi hnapp. Ekki er hægt að kjósa í báðum bæjarhlutum. Þá birtist innskráningargluggi frá island.is og kjósandi auðkennir sig. Þannig er sannreynt að kjósandinn sé á kjörskrá.

B. Kjörseðillinn

Þegar kjósandinn er búinn að auðkenna sig, velur hann eitt af þremur tungumálum sem í boði eru, íslenska, enska eða pólska.

Alls er kosið um 67verkefni. Einn kjörseðill er fyrir hvorn bæjarhluta, og inniheldur hvor seðill lista með 30 verkefnum annars vegar og 37 verkefnum hins vegar í þremur verðflokkum:

- 1) 31-50 m kr
- 2) 16-30 m kr
- 3) 3-15 m kr

Verð hverrar hugmyndar er ekki gefið upp á kjörseðlinum.

Kjósandi fær að kjósa allt að 30% verkefna í öðrum bæjarhlutanum (eitt til níu verkefni í efri byggðum og eitt til ellefu verkefni í neðri byggðum). Vægi atkvæðanna eru jafngild milli verðflokka. Ekki er hægt að kjósa í báðum bæjarhlutum.

Kjósandi getur kosið með því að ýta á „Kjósa“ þótt hann hafi valið færri verkefni, atkvæðið verður gilt eftir sem áður. Hverri hugmynd fylgir mynd, staðsetning og frekari lýsing.

C. Verkefni fjarlægð og ný valin

Til að fjarlægja verkefni er smellt á myndina af hugmyndinni. Við það dettur hún úr pottinum. Þá er aftur hægt að velja verkefni í sama flokki. Á þennan hátt getur kjósandi valið og fjarlægt verkefni allt þangað til hann ákveður að kjósa.

D. Ýtt á hnappinn „Kjósa“

Þegar kjósandi hefur lokið við að velja verkefni smellir hann á hnappinn Kjósa. Þá hefur hann lokið kosningu. **Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill – aðeins nýjasta atkvæðið gildir**

Kjósandi getur kosið eins oft og hann vill á meðan kosningin er opin, þ.e. breytt atkvæði sínu. Aðeins nýjasta atkvæðið gildir.

E. Aðstoð við atkvæðagreiðslu

Hægt verður að kjósa og fá aðstoð við öflun skilríkja, innskráningu eða atkvæðagreiðslu á opnunartíma þjónustuvers Kópavogs og Bókasafns Kópavogs á meðan kosningar standa yfir. Starfsfólk Kópavogs er bundið trúnaði.